

Skýrsla keppnisráðs í Rallycrossi 2021

Vert er að minnast á að met þátttaka hefur verið þetta ár í keppendafjölda og vonandi heldur sú aukning sem hefur verið áfram næstu árin og er spennandi að sjá hversu mikil aukning hefur verið í unglingsflokki ásamt aukningu í fleiri flokkum

Keppnishaldið gekk vel en þessi aukning á keppendum hefur reyndar aukið álagið á keppnishöldurum og starfsfólki við keppnir.

Til að taka á þessu aukna álagi við keppnishaldið hafa keppnisreglur verið uppfærðar með það í huga að reglurnar séu gegnsæjar, einfaldar og á sama stað. Þetta mun einfalda vinnu við ákvörðunartöku í keppnishaldinu og dómgæslu þar sem Rallycross gengur mjög hratt fyrir sig og miklu máli skiptir fyrir keppnishaldara og starfsfólk að geta tekið ákvarðanir snögg.

Dómgæsla gekk nokkuð vel fyrir sig og þurfti ekki að taka á neinum alvarlegum málum.

Mikið gleðiefni var fyrir keppendur að keppt var á annari braut en hefur verið gert undanfarið og þar var Kvartmíluklúbburinn að verki og voru keppendur á einu máli að þetta gæti haft framtíð fyrir sér þó ekki sé keppni á dagatali hjá KK fyrir árið 2022 en vonandi skella þeir á bikarmóti eða klúbbakeppni á næsta ári!

Keppnisráðið hélt opinn fund um reglur fyrir keppendur og keppnishaldara í október þar sem þeirra sýn kom fram og ræddar voru þessar uppfærslur á reglum miðað við þróun í keppnishaldinu og flokkum ásamt því/umræðu um að samræma/uppfæra reglur eins og gert er í nágranalöndunum (FIA NEZ reglum) Hægt er að sjá þá fundargerð á síðu AKÍS.

Reglur, breytingar/uppfærslur.

Ekki eru miklar breytingar á reglum í Rallycrossi, einungis fjórar breytingar;

- Leyft verður að vera með rafmagn sem aflagjafa í opnum flokki, svo lengi sem ökutæki standist reglur um keppnistæki með rafmagn og að öryggisútbúnaður og starfsfólk sé undirbúið fyrir það samkvæmt reglum FIA NEZ og auðvitað ráða keppnisstjóri og öryggisfulltrúi þessu í keppnum.
- Leyft að vera með fleiri keppendur í riðli í unglingsflokki hámark 10 og hámark 12 í öðrum flokkum, hér er það auðvitað öryggisfulltrúi og keppnisstjóri sem ákveða þetta miðað við brautar aðstæður á hverjum stað.
- Breytingar á staðsetningu og lit á keppnisnúmerum, breytt verður í gul númer í hliðar afturrúðum eins og keppendur í malbiks kappakstri eru með.
- Breyting á reglu um stærð á eldsneytis tönkum þar sem það á við.
- Restin er uppfærsla og samræming á reglum eins og gert er annarstaðar miðað við landskeppnir í Evrópu t.d. stigagjöf, útskýringar á uppröðun í riðla þar sem mikill fjöldi er í sumum flokkum ásamt fl. Uppfærslum.

Takk fyrir

Keppnisráð RC